



Samstarfssamningur

milli Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar (SÍ) og Slökkviliðs Súðavíkur (SS)

1. gr

SÍ og SS gera milli sín eftirfarandi samning um viðbrögð við útköllum á starfssvæði hvors liðs fyrir sig.

2. gr

Samningur þessi er milli SÍ kt 540169-5599 og SS kt 630869-4589 og varðar:

SS hefur heimild til að óska eftir aðstoð SÍ vegna stærri mengunar- og eiturefnaslysa eða eiturefnaköfunar verði slíkt óhapp á starfssvæði sínu sé þörf á viðbótarmannskap eða búnaði.

SÍ hefur að sama skapi heimild til að óska eftir aðstoð SS vegna brunaútkalla á starfssvæði sínu eða annara þeirra lögbundnu verkefna sem kveðið er á um í reglugerð 747/2018.

3. gr

Verklag við beiðni skal útfært þannig að vakthafandi stjórnendur (SÍ, SS) sinna beiðnum < hvor frá öðrum um aðstoð og senda þann mannskap og búnað sem óskað er eftir ef aðstæður á hvorum stað fyrir sig leyfa.

4. gr

Ef vinnustundir á útkallsstað fara yfir 10 (manntíma) skal greitt eftir gjaldskrá viðkomandi slökkviliðs.

5. gr

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

6. gr

Gildistími þessa samnings er frá undirritun. Endurskoða skal samninginn á 3 ára fresti. Hvor aðili um sig getur sagt upp samningi þessum með 12 mánaða skriflegum uppsagnarfresti, nema um annað sé samið.

Ísafjörður 18.03 2020

f.h. SÍ

Slökkviliðsstjórinn
Ísafjarðarbæ

f.h. SS
